

61. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum er lögreglustjóri gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða úr ríkissjóði, sé brotamaður eigi fær um það.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Garðakaupstað nr. 627 22. desember 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1988.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Þorlákshöfn, Ölfushreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps ákveður að leggja á A-gatnagerðargjald vegna þátttöku lóðarhafa við að undirbygga götu með tilheyrandi lögnum.

2. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkun eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Þorlákshöfn, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
Raðhús	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubygging	2%
Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	2%

Rúmmál húsa skal reiknað frá neðstu grunnplötu. Þegar veittar eru lóðir fyrir verslunar-, iðnaðar- eða annað atvinnuhúsnæði, skal áætla nýtingarhlutfall lóða 0,3—0,5 eftir nánara mati byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi og skal það flatarmál reiknast sem lágmarksgjald. Sé byggt umfram áætlaðan gólfplöt greiðast af því gatnagerðargjöld þegar byggingarleyfi er notað og skal það greitt áður en útmæling er gerð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma og sú vísitala breytist.

5. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. grein skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi, innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt og breytast samkvæmt ákvæðum 4. greinar. Hreppsnefnd er heimilt, þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhögun á gatnagerðargjöldum, en að ofan greinir.

6. gr.

Þegar veitt eru byggingarleyfi án undangenginnar lóðarúthlutunar er greiðsla gatnagerðargjalda áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir þ.e.a.s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% endurgreiðist eftir 6 mánuði, eftirstöðvar eftir ár. Verði lóðinni endurúthlutað að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá endurgreitt gatnagerðargjaldið þegar sú úthlutun fer fram. Vextir og/eða verðbætur reiknast ekki á endurgreiðslurnar.

8. gr.

Lóðir eru veittar í því ástandi sem þær eru í við úthlutun, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarsjóði vegna ástands þeirra. Hreppsnefnd getur lækkað gatnagerðargjald eða ákveðið það sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla 3. greinar hvern um sig, eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnessýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 362 24. september 1976 um A-gatnagerðargjöld í Ölfushreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.